



## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR MILLI HÚSAKYNNNA BS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Húsakynni bs kt. 691200-4690, í samningi þessum nefndur verkkaupi, og Rangárþing ytra kt. 520602-3050, í samningi þessum nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi samning:

### 1. gr.

#### Skilgreining verkefna

Verksali tekur að sér bókhald, launagreiðslur, áætlanagerð og aðra fjármálaumsýslu fyrir verkkaupa. Þá tekur verksali að sér umsjón með öllum fasteignum verkkaupa og daglegan rekstur þeirra. Einnig tekur verksali að sér umsjón með öllum verklegum framkvæmdum.

### 2. gr.

#### Umfang og greiðslur

Umfang og greiðslur fyrir verkefnin er áætlað í fjárhagsáætlun hvers árs og þar er settur rammi um kostnað við þjónustuna. Sé útlit fyrir veruleg frávík frá áætlun ber verksala að hafa samráð við stjórn Húsakynna bs og afla samþykkis fyrir auknum fjárútlátum. Fyrir bókhald og aðra fjármálalega umsýslu greiðir verkkaupi fasta upphæð kr. 1.115.000 árlega. Upphæðin er tengd vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í janúar 2016.

Hvað aðra þjónustu varðar þá gerir samningurinn ráð fyrir að verkkaupi greiði fyrir þjónustuna skv. taxta Þjónustumiðstöðvar Rangárþings ytra fyrir unna tíma. Ber verksala að halda tímaskýrslu um störf sín sem fylgja reikningum fyrir þjónustuna. Að jafnaði fer annar hvor sveitarstjóri samstarfssveitarfélaganna með framkvæmdastjórn byggðasamlagsins á hverjum tíma og samþykkir reikningana mánaðarlega.

### 3. gr.

#### Gildistími

Samningurinn gildir ótímabundið frá og með 1.1.2016 en er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samningurinn sé tekinn til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar sbr. rammasamkomulag Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Handwritten signatures and initials at the bottom of the page, including names like B. Þ., E. S., M. H., and others.



4. gr.

Önnur atriði

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Menningarhúsinu Hellu 15. desember 2015

Sveitarstjórn Ásahrepps

*[Handwritten signature]*  
Egill Þorgeirsson  
Dagnýja Jónasdóttir  
Karl Ólafsson  
Elín Grétarsdóttir

Sveitarstjórn Rangárþings ytra

*[Handwritten signature]*  
Þorgeir Þorgeirsson  
Þorgeir Þorgeirsson  
Anna María Kuhlmann  
Ágúst Þorgeirsson  
Mezgul Hegg  
Haraldur Þorgeirsson